FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
249. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 23. OKTÓBER 2017




Erlendir ferðamenn voru áberandi víða í miðborg Reykjavíkur í gær eins og svo oft áður. Þessi sex manna hópur sem stóð á milli Ingólfstorgs og Hafnarstrætis skoðaði þar upplýsingakort af borginni og sannaði um leið að farsímar og önnur snjalltæki hafa ekki alveg tekið yfir þegar kemur að upplifunum erlendra ferðamanna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þurfa nýja augasteina eftir safatappaslys

**Skipta þarf um augasteina í átján ára konu og þrítugum karlmanni sem hlutu alvarlega áverka þegar tappar af Floridana-flöskum skutust í þau. Læknar hafa sagt stúlkunni að óvíst sé að hún fái fulla sjón. Maðurinn þarf að gangast undir sína aðra aðgerð á næstu mánuðum.**

**SLYS** Átján ára kona og þrítugur karlmaður þurfa nýja augasteina eftir að þau hlutu alvarlega áverka í lok ágúst þegar tappar af flöskum Floridana-ávaxtasafa skutust í andlit þeirra af miklum krafti. Enn er óvíst hvort þau fá aftur 100 prósent sjón og maðurinn þarf að undirgangast sína aðra aðgerð á næstu mánuðum.

„Í þrjár vikur eftir slysið sá hún ekkert með hægra auganu og fékk síðan 30 prósent sjón og er komin upp í 60 prósent,“ segir Oddný Sigrún Magnúsdóttir, móðir Þóru Bjargar Ingimundardóttur.

> **Í þrjár vikur eftir slysið sá hún ekkert með hægra auganu og fékk síðan 30 prósent sjón.**
>
> Oddný Sigrún Magnúsdóttir, móðir Þóru Bjargar

Ölgerðin, framleiðandi Floridana-ávaxtasafa, hefur harmað atvikin sem komu upp eftir að yfirþrýstingur myndaðist í plastflöskum með safanum. Fyrirtækið innkallaði vöruna í kjölfarið en hóf í byrjun október sölu á henni á ný en með nýjum töppum með afloftunarraufum.

„Ég gerði þeim grein fyrir því að þetta færi til lögfræðings af okkar hálfu þar sem þetta væri sýnilega ekki mál sem myndi jafna sig að fullu,“ segir Oddný og bætir við að dóttir hennar hafi misst mikið úr skóla. Þá sé beinn útlagður kostnaður vegna ástands hennar talsverður og útlit fyrir að Þóra Björg fari ekki í aðgerð fyrr en að jólaprófum loknum.

Svavar Þór Georgsson þurfti að undirgangast aðgerð á hægra auga eftir sambærilegt atvik sem hann lýsti sem myndarlegu rothöggi. Við það fékk hann skurð á augað og blæddi inn á það.

„Staðan er ekki góð eins og gefur að skilja. Ég er ennþá með takmarkaða sjón á auganu og þarf að gangast undir aðra aðgerð. Það þarf að skipta um augastein og það eru enn svartir deplar á sjónhimnunni og töluverður munur á sjóninni sem var fullkomin fyrir slysið. Ég hef stundað veiðimennsku og skotfimi og þetta hefur aftrað mér í öllum áhugamálum og vinnu. Málið er enn hjá lögfræðingi mínum,“ segir Svavar Þór. – hg / sjá síðu 4



Þóra Björg Ingimundardóttir

## Bjór og léttvín seld í kjörbúð

**SAMFÉLAG** Áfengi er selt innan um matvöru í kjörbúð Þrastalundar við Sogið þrátt fyrir fullyrðingar eigenda hennar um að viðskiptavinir fái ekki að fara með vörurnar nema inn á veitingastað sem þar er.

Sverrir Eiríksson, eigandi Þrastalundar, segir málið ekki sambærilegt því að áfengi sé selt í matvörubúð. Allar aðrar vörur kjörbúðarinnar séu þó til þess ætlaðar að þær séu keyptar og teknar með. Þó eru dæmi um að bjór og léttvín séu seld fólki sem tekur vörurnar með út úr versluninni.

„Þetta er svona á nánast öllu Suðurlandinu,“ segir Sverrir.

Hávær umræða hefur verið um það síðustu ár hér á landi að afnema eigi einokun ríkisins á sölu bjórs og léttvíns. – sa / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Formaður SHÍ og framkvæmdastjóri Félagsstofnunar Stúdenta skrifa um mögulegar aðgerðir í þágu ungs fólks á húsnæðismarkaði. 11

**SPORT** Elín Metta Jensen hefur blómstrað í framlínu íslenska liðsins í undankeppni HM. 16



**LÍFIÐ** Textílhönnuðurinn Ýr Jóhannsdóttir fékk styrk frá Hönnunarsjóði til að fara til London og læra á nýju stafrænu prjónavélina sem hún var að kaupa. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Austankaldi og talsverð rigning suðaustan til fyrripartinn í dag, annars úrkomuminna, en lægir síðan og dregur úr vætu, fyrst sunnanlands. Milt veður. SJÁ SÍÐU 22

# Ánægð á nöprum októberdegi



Götulistamaðurinn JóJó náði athygli þessarar ungu stúlku þegar hann spilaði fyrir gangandi vegfarendur fyrir utan 10-11 við Austurstræti í gær. Stúlkan var ánægð með flutninginn, launaði fyrir tónlistina með smápeningi og hélt áfram glaðbeitt niður götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Takast á um gervigrasvöll

**DALVÍKURBYGGÐ** Tekist er á um byggingu gervigrasvallar í fullri stærð á Dalvík sem myndi kosta sveitarfélagið um 240 milljónir króna. Formaður íþrótta- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar hefur áhyggjur af því að kostnaður, rekstur og viðhald gervigrasvallar sé of stór fjárfesting fyrir aðeins 1.900 manna sveitarfélag.

Minnihlutinn er sammála því mati og bendir á að starfsemi yngri flokka í knattspyrnu sé af skornum skammti.

„Eins og staðan er núna er enginn 2. og 3. flokkur starfandi í Dalvíkurbyggð og fjórði flokkur dró sig út úr Íslandsmótinu síðastliðið sumar,“ segir Guðmundur St. Jónsson, oddviti J-listans í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar.

„Meistaraflokkur er að mestu leyti skipaður leikmönnum sem ekki komast í aðallið KA og Þórs á Akureyri. Á þessu ári spilaði meistaraflokkur Dalvíkur/Reynis væntanlega um 10 heimaleiki. Okkar skoðun er að bygging á heilum gervigrasvelli muni ekki hafa mikil áhrif á þá þróun sem verið hefur,“ segir svo í bókun Guðmundar á síðasta fundi byggðaráðs.

Kristinn Ingi Valsson, formaður íþrótta- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar og fulltrúi meirihlutans, var eini meðlimur ráðsins sem greiddi atkvæði gegn hugmyndinni um gervigrasvöll á síðasta fundi ráðsins.

„Ég tel að ávinningur af gervigrasvelli umfram þá aðstöðu sem nú er í boði sé ekki á pari við kostnaðinn við byggingu gervigrasvallar, rekstur hans og viðhald,“ segir Kristinn Ingi en tekur fram að ef sveitarstjórn og byggðaráð telji að svo sé ekki þá fagni hann því og segir gervigrasvöll bæta aðstöðu til knattspyrnuiðkunar. – sa

# Vill opna gögn í Flóahreppi um eigin samning

**STJÓRNSÝSLA** Fyrrverandi skólastjóri Flóaskóla í Flóahreppi hefur óskað eftir því að leynd sem hvílir yfir starfslokasamningi verði aflétt og að gögnin gerð opinber almenningi.

Anna Gréta Ólafsdóttir var skólastjóri í Flóaskóla en var sagt upp í apríl á þessu ári eftir nokkurra ára starf fyrir skólann. Var við það gerður starfslokasamningur við Önnu Grétu og var innihald hans bundið trúnaði. Hún telur eðlilegt að íbúar sveitarfélagsins sem og almenningur í landinu geti kynnt sér samninginn og vill aflétta trúnaðinum í þágu gagnsæis.

Sveitarstjórn tók vel í málið á síðasta sveitarstjórnarfundi og mun á næstunni, í samráði við lögmann Önnu Grétu og lögmann bæjarins, aflétta trúnaði af gögnunum og gera samninginn opinberan þeim sem vilja kynna sér innihald hans. – sa












SÆFERÐIR EIMSKIP

Kynntu þér málið nánar á **seatours.is**


# Kosningu í Flatey lokið með 100% kjörsókn

**Fulltrúi Sýslumannsins á Vestfjörðum lagði upp í um 400 kílómetra akstur auk bátsferðar með Baldri svo eyjarskeggjar gætu kosið til Alþingis. Ferjan beið á meðan kosið var í eynni. Þeir sex sem á kjörskrá eru nýttu atkvæðisrétt sinn.**

2017

**KOSNINGAR** Kjördeild í Flatey á Breiðafirði hefur verið lokað fyrir alþingiskosningarnar sem haldnar verða næstkomandi laugardag. Fulltrúi Sýslumannsins á Vestfjörðum fór þangað á fimmtudaginn var og setti upp kjördeild í Bryggjubúðinni í eynni.

Sex voru á kjörskrá að þessu sinni og var kjörsókn 100 prósent. Er þetta í þriðja skiptið sem Sýslumaðurinn á Vestfjörðum setur upp kjördeild í eynni fyrir kosningar og hefur mælst afar vel fyrir hjá íbúum eyjarinnar að geta kosið í heimabyggð.

Utanumhald kosninga í Flatey á Breiðafirði heyrir undir Sýslumanninn á Vestfjörðum og því nokkuð langt ferðalag fyrir fulltrúa sýslumanns frá Patreksfirði til Flateyjar.

„Við lögðum af stað frá Patreksfirði rúmlega níu á fimmtudagsmorgun og keyrðum alla leið í Stykkishólm. Þaðan fórum við með Baldri út í Flatey,“ segir Bergrún Halldórsdóttir, starfsmaður Sýslumannsins á Patreksfirði.

„Þegar við komum svo inn í Bryggjubúð með kjörgögn var búið að stilla upp kjörstað og íbúar voru fljótir að kjósa,“ segir Bergrún.

„Þetta er auðvitað löng vegalengd fyrir okkur og því var frábært að áhöfnin á Baldri beið eftir því að kjósendur kláruðu að kjósa svo við gætum farið með bátnum áleiðis á Brjánslæk,“ segir Bergrún.

Hafa ber í huga að Sýslumaðurinn á Vesturlandi er einmitt til húsa í Stykkishólmi.

Um aldamótin 1900 bjuggu á fjórða hundrað íbúa í eynni og eru heimildir til um íbúa þar frá landnámi. Nú búa aðeins tvær fjölskyldur í Flatey að staðaldri.

Bergrún segir þetta vera einn af föstu liðunum í kosningum, að keyra um umdæmið og setja upp kjördeildir áður en að eiginlegum kjördegi kemur.

„Nú erum við búin með Flatey og við höldum svo ferðalaginu áfram á morgun. Þá liggur leiðin í Reykhóla þar sem við munum setja upp kjördeild fyrir íbúa þar,“ bætir Bergrún við. sveinn@frettabladid.is



Starfsmenn Sýslumannsins á Vestfjörðum hafa þrisvar sinnum sett upp kjördeild í Flatey á Breiðafirði fyrir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þetta er auðvitað löng vegalengd fyrir okkur og því var frábært að áhöfnin á Baldri beið eftir því að kjósendur kláruðu að kjósa svo við gætum farið með bátnum áleiðis á Brjánslæk.
>
> Bergrún Halldórsdóttir, starfsmaður sýslumannsins á Patreksfirði.




# SNJALLASTUR

Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra akstursseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

**1.790.000** KR.

**26.264 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 179.000 kr.
- Vextir 8,15%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,84%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Fær ekki að reisa tvær nýjar og hærri vindmyllur í Þykkvabæ

**ORKUMÁL** „Aðstæður fyrir vindmyllur eru það góðar hér að ég setti heimsmet á fyrsta ári í framleiðslu," segir Steingrímur Erlingsson, eigandi BioKrafts ehf., sem vill setja upp nýjar og hærri vindmyllur í Þykkvabæ.

Steingrímur kveðst hafa flutt vindmyllurnar tvær, sem þar eru, inn notaðar á sínum tíma. Þær hafi skilað rafmagni framar vonum allt frá byrjun. Í júlí í sumar eyðilagðist önnur myllan þegar eldingu laust niður í hana svo að hún brann.

BioKraft óskar nú eftir að fá að taka myllurnar niður af stöplum þeirra og koma þar fyrir tveimur nýjum mylluturnum. Hæð turnanna sjálfra er 57 metrar en spaðarnir ná í 96 metra hæð. Hæð núverandi turna er 53 metrar með spöðum sem ná í 74 metra hæð.

Skipulagsnefnd Rangárþings ytra segist ekki gera athugasemdir við að vindmyllur BioKrafts verði teknar niður en leyfir hins vegar ekki uppsetningu stærri myllanna.

**Þetta eru minnstu myllur sem eru framleiddar í dag fyrir okkar markaðssvæði.**

Steingrímur Erlingsson, eigandi BioKrafts ehf.



„Þetta eru minnstu myllur sem eru framleiddar í dag fyrir okkar markaðssvæði. Ég get farið til Kína og keypt vindmyllu með gamalli hönnun en það myndi enginn gera. Þetta er eins og vera heimilað að vera með svarthvítt sjónvarp," segir Steingrímur sem undirstrikar að nýju myllurnar séu öruggari og betri en þær gömlu enda sé þróunin ör á þessu sviði.

Að sögn Steingríms er ætlunin að sækja um breytingu á deiliskipulagi svo setja megi stærri gerð af myllum upp. Hins vegar sé alls óvíst hversu langan tíma það taki. BioKraft selur raforku til Orku náttúrunnar, dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur. „Magnið frá okkur samsvarar raforkunotkun eitt þúsund einbýlishúsa," segir Steingrímur sem kveður möguleikana mikla á þessu sviði hérlendis, ekki síst í Þykkvabænum. „Ég trúi á þetta og setti aleiguna í þetta á sínum tíma." **– gar**

# Þurfa að fara í aðgerð og fá nýja augasteina eftir tappaslysin

**Átján ára kona og þrítugur karl þurfa nýja augasteina en þau hlutu alvarlega áverka þegar tappar af Floridana-flöskum skutust í þau af miklum krafti. Enn er óvíst hvort þau fá aftur 100 prósent sjón en þau sáu lítið sem ekkert fyrstu vikurnar á eftir. Hafa bæði leitað til lögfræðinga. Ölgerðin breytti töppunum í kjölfarið.**

**SLYS** Skipta þarf um augasteina í átján ára konu og þrítugum karlmanni sem hlutu alvarlega áverka þegar tappar af Floridana-ávaxtasafaflöskum skutust í augu þeirra í lok ágúst. Læknar hafa sagt stúlkunni að óvíst sé að hún fái 100 prósent sjón, enda séu dreifðar skemmdir í sjónhimnu, og maðurinn þarf að gangast undir sína aðra aðgerð á næstu mánuðum.

„Við erum í hálfgerðri biðstöðu og þurfum að sjá hvort sjónin lagast. Í þrjár vikur eftir slysið sá hún ekkert með hægra auganu og fékk síðan 30 prósent sjón og er komin upp í 60 prósent," segir Oddný Sigrún Magnúsdóttir, móðir Þóru Bjargar Ingimundardóttur.

Ölgerðin, framleiðandi ávaxtasafanna, hefur harmað atvikin sem komu upp eftir að yfirþrýstingur myndaðist í plastflöskum af Floridana með þeim afleiðingum að margir tilkynntu um að tappar hefðu skotist af með miklum krafti. Fyrirtækið innkallaði vöruna í kjölfarið en hóf í byrjun október sölu á henni á ný en með nýjum töppum með afloftunarraufum.

„Ég er búin að vera í sambandi við Ölgerðina út af þessu máli. Ég gerði þeim grein fyrir því að þetta færi til lögfræðings af okkar hálfu þar sem þetta væri sýnilega ekki mál sem myndi jafna sig að fullu," segir Oddný og bætir við að dóttir hennar hafi misst mikið úr skóla. Þá sé beinn útlagður kostnaður vegna ástands hennar talsverður og útlit fyrir að Þóra Björg fari ekki í aðgerð fyrr en að jólaprófum loknum.

„Hún reynir hvað hún getur en þarf oft að labba út úr tíma því þetta er álag á augað sem veldur höfuðverk. Verslunarskólinn á mikið hrós skilið fyrir þann skilning sem henni hefur verið sýndur. Fyrst var talað um að hún þyrfti að fara í aðgerð á bæði fremri og aftari hólfum augans en það er allavega ljóst núna að það þarf að skipta um augastein. Það val þarf að vanda vel því hún er jú einungis átján ára og það er vel þekkt að gerviaugasteinar hafa ákveðinn líftíma," segir Oddný.




Þóra Björg Ingimundardóttir hefur misst úr skóla eftir að tappi af Flóridana-ávaxtasafaflösku skaust í auga hennar í lok ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Það val þarf að vanda vel því hún er jú einungis átján ára og það er vel þekkt að gerviaugasteinar hafa ákveðinn líftíma.**

Oddný Sigrún Magnúsdóttir, móðir Þóru Bjargar Ingimundardóttur

Svavar Þór Georgsson þurfti að undirgangast aðgerð á hægra auga eftir sambærilegt atvik sem hann lýsti sem myndarlegu rothöggi. Við það fékk hann skurð á augað og blæddi inn á það.

„Staðan er ekki góð eins og gefur að skilja. Ég er ennþá með takmarkaða sjón á auganu og þarf að gangast undir aðra aðgerð. Það þarf að skipta um augastein og það eru enn svartir deplar á sjónhimnunni og töluverður munur á sjóninni sem var fullkomin fyrir slysið. Ég hef stundað veiðimennsku og skotfimi og þetta hefur aftrað mér í öllum áhugamálum og vinnu. Málið er enn hjá lögfræðingi mínum." **haraldur@frettabladid.is**

## Vísar áburði um tafir á bug

**SAMGÖNGUR** Eimskip, rekstraraðili Herjólfs, harmar að skuldinni hafi verið skellt á fyrirtækið í umfjöllun um tafir á viðgerð skipsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Við slipptöku Herjólfs í vor kom í ljós skemmd á gír skipsins vegna galla. Upphaflega var stefnt að því að ljúka viðgerð fyrir 1. október. Þegar ljóst varð að dráttur yrði á afhendingu varahluta var Herjólfi því aftur komið í áætlun.

**Upphaflega var stefnt að því að ljúka viðgerð fyrir 1. október.**

„Eimskip hefur ekki á neinn hátt tafið verkið nema síður sé og tekist á við hverjar þær óvæntu aðstæður sem upp hafa komið á hverjum tíma. Seinagangur við smíði varahlutanna hefur ítrekað komið í veg fyrir að viðgerð hefjist," segir í tilkynningunni. **– kó**

## Betri afkoma hjá Hafnarfirði en búist var við

**HAFNARFJÖRÐUR** Um 1.300 milljóna króna afgangur var á rekstri Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrstu átta mánuði ársins.

Áætlun bæjarins miðaði við að hagnaðurinn yrði um 460 milljónir. Er því afgangurinn um 850 milljónum króna meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fram kemur í átta mánaða uppgjöri sveitarfélagsins, sem lagt var fyrir bæjarráð fyrir helgi, að tekjur séu um 550 milljónum meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Á sama tíma eru gjöldin á pari við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármagnsliðir eru síðan 337 milljónum krónum minni en gert var ráð fyrir í upphafi ársins. **– sa**




**Átt þú sumarhús eða íbúð sem þú vilt leigja?**

**Orlofssjóður BHM** óskar eftir að taka á leigu sumarhús eða íbúðir um land allt og annars staðar í Evrópu til að framleigja til sjóðfélaga sumarið 2018.

Húsnæðið þarf að vera í mjög góðu ástandi, fullbúið húsgögnum og öðrum viðeigandi húsbúnaði. Þar þarf jafnframt að vera pláss fyrir 6–8 manns í gistingu.

Áhugasamir húseigendur sendi tölvupóst með myndum af eigninni á **obhm@bhm.is**. Fram komi upplýsingar um staðsetningu, byggingarár, ástand, stærð, fjölda svefnplássa og hugmyndir um leiguverð.

Orlofssjóður BHM


# Aðgerðaleysi Evrópuríkja í tengslum við skattaundanskot sætir gagnrýni

**ESB** Skattaundanskotsnefnd Evrópuþingsins dregur þá ályktun í nýsamþykktri skýrslu að baráttu aðildarríkja Evrópusambandsins, ESB, gegn skattaundanskotum hafi verið ábótavant. Löggjöf ESB-ríkja varðandi skattaundanskot og peningaþvætti hafi ekki verið samræmd. Framkvæmdastjórn ESB er jafnframt gagnrýnd fyrir að fylgja ekki eftir lögum. Nefndin var sett á laggirnar eftir að Panamaskjölin voru birt.

Danskir fjölmiðlar hafa það eftir Evrópuþingmanninum Jeppe Kofod, sem er einn skýrsluhöfunda, að stærstu skúrkarnir séu auðvitað bankar, lögfræðingar, endurskoðendur og ráðgjafar sem hjálpað hafi til við skattaundanskot og peningaþvætti auk þess sem þeir hafi látið hjá líða að tilkynna yfirvöldum um grunsamlegar tilfærslur á fé.

Í skýrslunni er bent á að sérstakri nefnd á vegum ráðherraráðsins, sem ætlað var að meta skattalög sem gilda í ESB-ríkjum og víðar, hafi lítið orðið ágengt í vinnu sinni undanfarin 19 ár. Nefndin á að fá aðildarríki ESB til að samþykkja að breyta eða fella úr gildi þau skattalög eða -reglur sem talin eru stuðla að skaðlegri skattasamkeppni. Hvetja ætti aðildarríkin til að forðast að setja slíkar reglur í framtíðinni. Einstök ríki geti komið í veg fyrir breytingar án þess að vitað sé hver þau eru þar sem leynd hvíli yfir öllum vinnugögnum nefndarinnar. Tillögur hennar þurfa samþykki allra.

Kofod segir að breyta þurfi verklagi nefndarinnar. Þegar um innri markað sé að ræða sé ekki hægt að einstök ríki verji eigin skattastefnu þannig að þau aðstoði í raun við stuld á skatttekjum annars lands með því að vera skattaskjól. **– ibs**



**Baráttunni í ESB gegn skattaundanskotum er ábótavant, segir í nýrri skýrslu Evrópuþingsnefndar.**




FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

# Veldu þann hæfasta.
# Veldu nýjan Volkswagen Golf.

Við kynnum nýjan Volkswagen Golf sem er engum líkur. Hann kemur í ótal útfærslum þannig að þú finnur örugglega þann eina rétta fyrir þig. Svo býr hann yfir eiginleikum og búnaði sem breyta akstrinum í hreint magnaða tilfinningu. Komdu og prófaðu þann hæfasta í hópnum.



## Golf TGI/TSI

**Bensín og Metan.**

Einn sá fjölhæfasti í sínum stærðarflokki. Fæst bæði bensín og metan.

**Staðalbúnaður meðal annars:**

- 8" margmiðlunarskjár
- Nálgunarvari framan og aftan
- LED dagljósabúnaður
- Apple Carplay / Mirror Link fyrir farsíma
- Loftkæling

Verð frá **3.150.000 kr.**



## Golf GTE

**Tengiltvinnbíll.**

Sameinar rafmagn og bensín. Þú kemst allt að 50 km* á rafmagninu einu saman.

**Staðalbúnaður meðal annars:**

- Bakkmyndavél
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- LED aðalljós og afturljós
- Bílahitari tengdur CarNet**
- 16" álfelgur
- Dökkar rúður

Verð frá **3.990.000 kr.**



## e-Golf

**Rafmagnsbíll.**

Dregur allt að 300 km* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með upplýsinga- og afþreyingarkerfi með hreyfistýringu.

**Staðalbúnaður meðal annars:**

- 9,2" margmiðlunarskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Stafrænt mælaborð
- Varmadæla
- CCS hraðhleðslutengi
- Tvískipt stafræn loftkæling

Verð frá **4.150.000 kr.**

**Við látum framtíðina rætast.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

*Skv. NEDC staðlinum. **Upplýsingar um CarNet er að finna á heimasíðu Volkswagen, kynntu þér málið.

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

www.n1.is facebook.com/enneinn

Októbertilboð
35% afsláttur

K2 kuldajakki
Vatteraður kuldajakki með hettu sem hægt er að smella af.

K2 kuldabuxur
Vatteraðar kuldabuxur með smekk og axlaböndum.





8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

Tilboð gildir út október 2017

N1 Klettagörðum 13
og verslanir N1 um land allt
440 1000 www.n1.is

Alltaf til staðar N1

Jóhann Ólafsson & Co

LED lausnir frá siteco
Lýsing fyrir götur, göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.



Smart City lausnir

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
sala@olafsson.is

OSRAM

## Úr sveit í stórborg



**Hundruð kinda voru rekin af fjárhirðum um götur Madríd í gær. Þá fór hátíðin Fiesta de la Transhumanica fram í 24. sinn. Hátíðin er haldin árlega í því skyni að halda í hefðir miðalda þegar fé var rekið úr sumarhögum á markaði. Þá minnast menn sess fjárhirða í sögu Spánar í gegnum tíðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bjór og léttvín seld í kjörbúð Þrastalundar

**Áfengi er selt innan um matvöru í Þrastalundi við Sogið. Eigandi fyrirtækisins þvertekur fyrir að hægt sé að ganga út með bjór eða léttvín en dæmi eru um slíkt. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir þetta sýna að breyta þurfi lögum.**

**SAMFÉLAG** Hægt er að kaupa bjór og léttvín í nýrri kjörbúð Þrastalundar í Þrastaskógi við Sogið þrátt fyrir fullyrðingar eiganda hennar um að viðskiptavinir fái ekki að fara með vörurnar nema inn á veitingastað sem þar er. Þetta sannreyndi blaðamaður Fréttablaðsins á laugardag þegar hann keypti bjór og hvarf á braut.

Bjór og léttvíni er haganlega raðað í hillur kjörbúðarinnar ásamt öðrum drykkjarvörum og ostum. Hægt er að kaupa þar helstu nauðsynjar en fjölmargir fara framhjá Þrastalundi á leið í sumarbústaði og á áningarstaði í uppsveitum Árnessýslu.

Sverrir Eiríksson, eigandi Þrastalundar, segir engin lög brotin með þessu og að sami háttur sé viðhafður á fleiri stöðum. Hér sé ekki um það að ræða að áfengi sé selt í matvörubúð en að allar hinar vörurnar séu þó til þess ætlaðar að þær séu keyptar og teknar með.

„Þetta er svona á nánast öllu Suðurlandinu,“ segir Sverrir. „Ef þú ferð í þjóðgarðinn á Þingvöllum þá sérðu sama fyrirkomulag. Einnig er þetta fyrirkomulag haft á Geysi í Haukadal og víðar. Á veitingastöðum með vínveitingaleyfi sérðu áfengi í kælum út um allar trissur. Þetta er bara hluti af veitingastaðnum.“

Eftir ábendingar viðskiptavina um að kaupa mætti áfengi í kjörbúðinni ákvað blaðamaður Fréttablaðsins að sannreyna fullyrðingu Sverris. Keypti hann á laugardag áfenga vöru og ýmislegt annað og var vörunum raðað í poka af afgreiðslumanni á staðnum. Áfengi er því selt í matvöruversluninni en um er að ræða brot á áfengislögum enda ÁTVR með einkaleyfi á smásölu áfengis. Hávær umræða hefur verið um það síðustu ár hér á landi að afnema eigi einokun ríkisins á sölu bjórs og léttvíns.



**Eins og sjá má er áfengi í Þrastalundi stillt upp með annarri matvöru við hlið osta og eggja. Slíkt tíðkast víða á landsbyggðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

„Ég hef oft tekið dæmi um uppsveitir Árnessýslu til að sýna fram á tvískinnunginn í þessu,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður og flutningsmaður frumvarps um að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum. „Þetta er einhvers konar krafa frá ferðamönnum en við verðum líka að hugsa þetta fyrir smákaupmenn um allt land. Að þeir geti selt þessar vörur og það hjálpi þeim að halda úti litlum verslunum hér og þar um allt land. Þetta snýst ekkert um aðgengi heldur að hjálpa litlum verslunum,“ segir Vilhjálmur. **sveinn@frettabladid.is**


iPERFORMANCE
BMW
Sheer Driving Pleasure
P
BMW i
BMW 2
FJÓRHJÓLADRIF.
KNÚIÐ AF RAFMAGNI.
BMW 225xe xDrive EXCLUSIVE, sjálfskiptur, plug-in hybrid. Verð: 5.350.000 kr.
Aukabúnaður í EXCLUSIVE útgáfu: Sensatec leðuráklæði, LED aðalljós, rafdrifin framsæti, sjálfvirkur „Leggja í stæði“ búnaður, skyggðar rúður, HIFI 9 hátalara 205W hljómkerfi, lykillaust aðgengi, rafdrifinn afturhleri, snertilaus opnun/lokun á afturhlera, 17" álfelgur, állistar í kringum rúður og þakbogar.
ENNEMM / SÍA / NM83954
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## Flokkur Abe sigraði í Japan

**JAPAN** Útgönguspár benda til þess að Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, sé sigurvegari þingkosninganna sem fram fóru þar í landi í gær.

Þing var rofið í Japan og boðað til kosninga á síðustu dögum septembermánaðar. Abe, sem er flæktur í tvö spillingarmál, sagði að það væri gert nú til að styrkja umboð hans í kjarnorkudeilunni við Norður-Kóreu.

Fyrstu tölur benda til þess að flokkur Abe og samstarfsflokkur hans í ríkisstjórninni hafi hlotið ríflega 300 þingsæti. Fyrir kosningar höfðu þeir um 321 þingsæti. – jóe



**Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans.**

## Viðurkennir ekki sigur forseta Kenía

**KENÍA** Raila Odinga, leiðtogi kenísku stjórnarandstöðunnar, hefur lýst því yfir að hann muni ekki viðurkenna sigur Uhuru Kenyatta, forseta landsins, í kosningum sem fyrirhugaðar eru komandi fimmtudag.

Kosið var í landinu 8. ágúst og hafði Kenyatta betur. Hæstiréttur landsins ógilti síðar kosningarnar. Kosið verður á ný í vikunni. – jóe

# Halda áfram þrátt fyrir hótun stjórnarinnar um fangelsisvist

**Stjórnvöld í Madríd á Spáni ætla að afturkalla sjálfstjórn Katalóníu. Katalónar stefna ótrauðir áfram að því að lýsa yfir sjálfstæði. Utanríkisráðherra landsins segir héraðsstjórnina vera að gera tilraun til byltingar.**

**SPÁNN** Katalónskir aðskilnaðarsinnar munu halda baráttu sinni fyrir sjálfstæði héraðsins áfram þrátt fyrir hótanir spænskra yfirvalda um fangelsisvist. Spænska stjórnin mun líklega virkja 155. grein stjórnarskrár landsins, sem kveður á um að svipta Katalóníu sjálfstjórn sinni, í þessari viku.

„Engin stjórn í lýðræðisríki getur sætt sig við það að lög séu brotin,“ sagði Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, í ávarpi á laugardag. Þar tilkynnti hann ákvörðun stjórnarinnar um að héraðið skyldi svipt sjálfstjórn. Að auki hafa spænsk stjórnvöld í hyggju að taka yfir stjórn lögreglu héraðsins og héraðsfjölmiðilsins TV3.

„Ég átta mig á því að þetta eru erfiðir tímar en í sameiningu munum við komast yfir þetta líkt og við höfum áður gert,“ segir Rajoy.

Það hefur andað köldu milli Spánar og Katalóníu frá því að sjálfstjórnarhéraðið tilkynnti að það hygðist halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort lýsa ætti yfir sjálfstæði eður ei. Lögbann var lagt á kosningarnar en þær fóru fram engu að síður. Rúmlega níutíu prósent þeirra sem mættu á kjörstað voru hlynnt sjálfstæði. Hótanir hafa gengið milli manna síðan þá.

Stefnt er að því að spænska þingið verði kallað saman á föstudag til að afturkalla sjálfstjórn Katalóna. Carles Puigdemont héraðsstjóri stefnir að því að hafa þingfund í héraðsþinginu á sama tíma. Talið er næsta víst að Katalónía muni lýsa einhliða yfir sjálfstæði á næstu vikum, mögulega strax á föstudag.



**Mariano Rajoy tilkynnti um helgina að stjórn hans ætlaði að virkja 155. grein spænsku stjórnarskrárinnar um að svipta Katalóna sjálfstjórn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Saksóknari í Madríd varaði Puigdemont og aðra sjálfstæðissinna við frekara bröltí af því tagi. Sagði hann að til greina kæmi að saksækja héraðsstjórann fyrir byltingu en allt að þrjátíu ára fangelsisrefsing liggur við slíku broti.

Forseti katalónska þingsins, Carme Forcadell, hefur kallað fyrirætlan spænsku stjórnarinnar „de facto coup d'état“ (byltingu í reynd). Því hafnar Alfonso Dastis, utanríkisráðherra Spánar, alfarið.

„Ef einhver er að gera tilraun til byltingar, þá er það héraðsstjórn Katalóníu,“ sagði hann við BBC. „Við ætlum okkur að fylgja alfarið þeim ramma sem stjórnarskrá landsins setur.“

> **Ef einhver er að gera tilraun til byltingar, þá er það héraðsstjórn Katalóníu.**
>
> Alfonso Dastis, utanríkisráðherra Spánar



Það eru ekki aðeins Katalónar sem eru óánægðir með framgöngu stjórnar Rajoy í málinu. Formaður Basknesku þjóðarhreyfingarinnar hefur fordæmt framgöngu forsætisráðherrans í málinu. Sem stendur situr minnihlutastjórn í landinu. Baskar hafa varið hana falli en spurning er hvort slíkt haldi áfram.

„Viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru öfgafull og úr hófi,“ tísti Inigo Urkullu, héraðsstjóri Baska. „Hér er verið að sprengja brýr í loft upp. Héraðsstjórn Katalóníu hefur stuðning okkar til uppbyggilegrar framtíðar.“

johannoli@frettabladid.is





# Kassaðu þig út á HM

Vilt þú vinna miða á leik á HM,
með flugi og gistingu fyrir tvo?

**Sendu 2018 kr. rukkun á „Kass“.**
**Dregið 5. desember.**

---

**Sæktu appið á kass.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Stóra málið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er merkilegt að í hvert sinn sem þöggun, spillingu og sérhagsmuni ber á góma, sem er óneitanlega sorglega oft að gefnu tilefni, þá er mikið kvartað undan vöntun á málefnalegri umræðu í íslenskum stjórnmálum. Að engin málefnaleg umræða eigi sér stað um heilbrigðis- og menntamál fremur en fjármál, skattastefnu, byggðastefnu, samgöngumál og þannig mætti áfram telja, vegna þess að tíminn fari allur í eitthvað annað.

Engu að síður er það einmitt þetta eitthvað annað sem hefur orðið til þess að landsmenn eru að ganga að kjörborðinu í annað sinn á einu ári. Þetta eitthvað annað hefur orðið til þess að tvær síðustu ríkisstjórnir hafa hrökklast frá völdum með skottið á milli lappanna. Ekkert af öllum þeim mikilvægu málefnum, sem íslenskt samfélag þarf svo sárlega á að halda að taka til umræðu á opinn og skynsamlegan máta, kom í raun þar nokkurs staðar nærri.

Þetta eitthvað annað velti Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni úr forsætisráðherrastól á sínum tíma og því má vel halda fram að vanmat á þessu fyrirbæri hafi kostað Benedikt Jóhannesson formannsstólinn í Viðreisn fyrir skömmu. Allt þetta hlýtur að sýna okkur svart á hvítu að þetta eitthvað annað er ekki léttvægt og ómerkilegt fyrirbæri, þótt það hafi verið mörgum óþægur ljár í þúfu, heldur þvert á móti jafnvel mál málanna.

Öll þessi óþægilegu mál sem varða hrunið þar sem öll kurl virðast enn ekki vera komin til grafar, Panamaskjölin, Borgunarmálið og fleiri viðskiptagjörningar, „höfum hátt“ byltingin og núna síðast glórulaust lögbann á málfrelsi tveggja íslenskra fjölmiðla er og verður að vera stóra málið. Málið sem þarf að ræða bæði í þessari kosningabaráttu og ekki síður inni á Alþingi þegar þar að kemur. Þó að þetta eitthvað annað snúi kannski ekki með beinum hætti að því hvað landsmenn fá í budduna eða hver fær hvað af þjóðarkökunni er þetta einfaldlega stærra og mikilvægara.

Þetta eitthvað annað er spurning um grundvallargildi í lýðræðisríki. Spurning um það hvernig við ætlum að opna stjórnsýsluna með þeim hætti að þegnarnir geti fylgst með stjórnsýslunni allri og treyst því að stjórnmálamenn jafnt sem embættismenn séu að vinna að hagsmunum almennings en ekki sérhagsmunum einhverra óræðra aðila. Spurning um það hvernig við ætlum að treysta stoðir lýðræðisins með því að bæta starfsumhverfi og réttarstöðu fjölmiðla, í ríki þar sem yfirvaldið hefur ítrekað verið dæmt fyrir að brjóta á rétti blaðamanna fyrir mannréttindadómstól Evrópu.

Stjórnmálin þurfa að horfast í augu við þá staðreynd að almenningur treystir þeim illa og það að gefnu tilefni eða öllu heldur tilefnum. Ef það á að breytast þurfa stjórnmálin að átta sig á því að þetta eitthvað annað er umræða sem þarf að taka af fullri alvöru. Flokkar þurfa að setja fram hugmyndir og stefnu að endurbótum og gefa þannig kjósendum kost á því að vega og meta hvernig atkvæði þeirra er best varið í þágu lýðræðis. Lýðræðis sem treystir á opna stjórnsýslu, sterka fjölmiðla og aþyrga stjórnmálamenningu. Allt málefnalegri umræðu framtíðarinnar til heilla.

> **Þetta eitthvað annað er spurning um grundvallargildi í lýðræðisríki.**




Jóhannes Jóhannesson

Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 23. október, kl. 18

LISTMUNASALA fold

Forsýning í Gallerí Fold í dag mánudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


### Halldór





## Frá degi til dags

**Heiðursætið**
**Listar allra framboða til þingkosninga, sem fram fara eftir tæpa viku, liggja nú fyrir. Oftar en ekki hefur venjan verið sú að neðsta sæti hvers lista hefur verið heiðurssæti. Skipa það oft fyrrverandi ráðherrar, þingmenn, formenn eða aðrir sem gætu átt heiðurssess hjá flokknum. Athygli vekur að á listum Pírata er hvergi að finna fráfarandi þingmann þeirra, Birgittu Jónsdóttur. Allir ættu að geta sammælst, sama hvaða skoðun þeir hafa á flokknum, um að kafteininn fyrrverandi gerði heilan helling fyrir flokkinn. Skýtur það því skökku við að henni hafi ekki verið sýndur sá heiður að skipa heiðursætið.**

**Öruggasta þjóðin**
**Margir hafa klórað sér í kollinum yfir tísti frá Sjálfstæðisflokknum þar sem því var lýst yfir að Ísland væri öruggasta þjóð í heimi. Síðan var spurt hvort þörf væri á að umbylta þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi má benda á það að Ísland verður seint talið þjóð. Í öðru lagi má velta því fyrir sér hvort flokkurinn sé að fylgjast með sömu kosningabaráttu og við hin. Í það minnsta kannast molahöfundur við fá framboð sem hafa talað um að umbylta eða gjörbreyta þjóðfélaginu. Skýringar á tístinu óskast.**
**johannoli@frettabladid.is**

## Gerum betur fyrir fólkið í landinu



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Í kosningunum á laugardaginn er tækifæri til að kjósa öðruvísi forystu fyrir Ísland. Forystu sem leggur sig fram um að gera betur og skapa samstöðu um langtímasýn fyrir fólkið í landinu þannig að hægt sé að skapa pólitískan stöðugleika og ráðast í nauðsynlega uppbyggingu samfélagslegra innviða.

Við Vinstri græn höfum farið og hitt kjósendur fyrir þessar kosningar. Það er kallað eftir því að sú efnahagslega hagsæld sem við búum við skili sér betur til fólksins í landinu. Að við vanrækjum ekki innviðina en setjum okkur áætlun um hvernig á að byggja upp til framtíðar.

Í þeim efnum er okkar sýn skýr. Við viljum ábyrga stjórn efnahagsmála og styrkja tekjugrunn ríkisins, m.a. með auknum arðgreiðslum, bættu skattaeftirliti og tryggja það að arðurinn af sameiginlegum auðlindum skili sér með sanngjörnum hætti til fólksins í landinu. Við viljum eiga víðtækt samráð um skattkerfið í stað þess að ráðast í skammlífar breytingar í bullandi ósætti.

Um leið er það ábyrg stefna að ráðast í uppbyggingu á mikilvægum almannagæðum. Við höfum efni á betri vegum sem eru nauðsynlegir innviðir bæði fyrir fólkið í landinu og stærstu útflutningsgrein landsins, ferðaþjónustuna. Við viljum forgangsraða fjármagni til opinberra heilbrigðiskerfisins og tryggja að lykilstofnanir eins og Landspítalinn geti staðið undir hlutverki sínu. Við viljum leggja áherslu á menntun sem er undirstaða hagsældar og velferðar til framtíðar. Við tökum undir kröfu eldri borgara um að hækka frítekjumark vegna atvinnutekna strax í 109 þúsund krónur og viljum vinna með öryrkjum að því að draga úr skerðingum og bæta kjör þeirra. Við viljum lengja fæðingarorlof í áföngum í 12 mánuði og styðja við ungt fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Við viljum ráðast í aðgerðir strax í loftslagsmálum og bæta réttarstöðu brotaþola kynferðisbrota samhliða aukinni fræðslu og forvörnum í þeim efnum. Við viljum tryggja starfsumhverfi og frelsi óháðra fjölmiðla. Með skynsamlegri forgangsröðun fjármuna er hægt að ráðast í uppbyggingu sem skilar sér til fólksins í landinu. Með breyttum stjórnmálum er hægt að tryggja samstöðu um þá uppbygginguna.

> **Við viljum eiga víðtækt samráð um skattkerfið í stað þess að ráðast í skammlífar breytingar í bullandi ósætti.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Aðgerðir í þágu ungs fólks á húsnæðismarkaði




**Ragna Sigurðardóttir**
formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

**Guðrún Björnsdóttir**
framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta

Alþingiskosningar eru handan við hornið. Allir flokkar tala fyrir bættu húsnæðisástandi fyrir ungt fólk og aðra hópa. Jafnvel mætti segja að þverpólitísk samstaða virðist ríkja um að aðgerða sé þörf. Samkvæmt vísitölu félagslegra framfara (VVF – Social Progress Index) stendur Ísland sig ágætlega í alþjóðlegum samanburði, en aðeins Danmörk og Finnland eru ofar okkur í þeim samanburði sem birtist í ár. Þó kemur fram að við komum verr út á þremur sviðum; í menntun, umhverfisgæðum og húsnæðismálum.

Ástandið í húsnæðismálum er áþreifanlegt. Á höfuðborgarsvæðinu hefur húsnæðismarkaður ekki náð að þróast þannig að framboð sé nægilegt fyrir fólk sem er að taka sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði, hvort sem um er að ræða húsnæði til leigu eða sölu. Ástand hjá stúdentum sem sækja um leiguhúsnæði hjá Félagsstofnun stúdenta hefur verið afar erfitt og endurspeglar stöðu á almennum leigumarkaði. Langir biðlistar gefa til kynna að innkoma á almennan leigumarkað sé stúdentum gríðarlega erfið, bæði vegna skorts á framboði og verðlags. Um uppsafnaðan vanda er að ræða og stefnuleysi lagar hann ekki.

Verðlagið stýrist m.a. af framboði. Vegna takmarkaðs framboðs hefur leigu- og söluverð hækkað síðustu ár. Ungt fólk situr fast í foreldrahúsum, jafnvel með eigin fjölskyldur. Sumir flosna upp úr námi og flytja jafnvel úr landi vegna húsnæðisskorts, enda er húsnæði forsenda þess að margir geti stundað nám hér á landi. Erfitt er að safna fyrir útborgun í fyrstu íbúð án fjársterks baklands og staða leigjenda er slæm. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar vegna fyrstu íbúðarkaupa hefur verið innleidd til að stemma stigu við þessum vanda en greiningar sýna að sú leið gagnist síður þeim sem eru tekjulágir.[1]

Hærri og hagkvæmari húsnæðislán hafa verið nefnd sem önnur lausn. Ný tegund lána breytir þó litlu ef framboð er af skornum skammti. Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg lagt áherslu á að gera ráð fyrir stúdentum og öðru ungu fólki við uppbyggingu borgarinnar. Til stendur að byggja um 4.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, án hagnaðarsjónarmiða, fyrir stúdenta og aðra hópa. Námsmenn og annað ungt fólk býr hins vegar víðar en í Reykjavík. Við hvetjum sveitarfélögin því til að sýna í verki að þau hafi ekki gleymt þessum hópi leigjenda.

Haustið 2016 kynnti þáverandi ríkisstjórn til sögunnar stofnframlög með það að markmiði að bæta húsnæðisöryggi efnaminna fólks. Á vordögum kynntu fráfarandi ríkisstjórn og fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu svokallaðan húsnæðissáttmála, sem vakti von í annars dimmu umhverfi leigjenda. Um er að ræða aðgerðaráætlun í 14 skrefum sem ætlað er að koma böndum á neyðarástand á húsnæðismarkaði. Að allri þessari vinnu hefur fjöldi fólks úr flestum flokkum komið, bæði úr röðum þingsins og sveitarfélaganna. Mikilvægt er að sú vinna haldi áfram og jafnframt að unnið sé að því að einfalda ferla sem standa í vegi fyrir uppbyggingu húsnæðis, okkur öllum til heilla.

Við vonumst til, hvernig sem komandi kosningar fara, að menn beri gæfu til að vinna áfram að sameiginlegri lausn í húsnæðismálum ungs fólks. Það þarf að gera þvert á flokka og með samvinnu allra þar til gerðra aðila. Hér er um stórkostlega hagsmuni stórs hóps í landinu að ræða og hún hefur áhrif á framtíð okkar allra.



**Við vonumst til, hvernig sem komandi kosningar fara, að menn beri gæfu til að vinna áfram að sameiginlegri lausn í húsnæðismálum ungs fólks. Það þarf að gera þvert á flokka og með samvinnu allra þar til gerðra aðila.**

*1 http://www.ils.is/um-okkur/frettir/frett/2017/10/16/Stada-leigjenda-er-enntha-slaem/*





# HELLINGUR AF GÓÐU STÖFFI

## MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.




*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB 365.is 365

# Gráu svæðin í velferðarþjónustu – heimahjúkrun



Guðjón Bragason
sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Þegar rof verður á nauðsynlegri opinberri þjónustu er það yfirleitt vegna þess að þjónustan er á svokölluðu gráu svæði. Eitt af mörgum aðkallandi dæmum um það er heimahjúkrun.

Reglulega birtast fréttir af langveikum börnum eða fullorðnum, sem hafa af því ríka hagsmuni að komast af sjúkrahúsinu og heim til sín. Í sumum tilvikunum er þörf á sólarhringsþjónustu á heimili viðkomandi og hafa málefni svonefnds öndunarvélahóps verið töluvert í umræðunni í því sambandi. Hópurinn er ekki stór (á bilinu fimm til tíu manns) en þarf mikla, samfellda og fjölþætta þjónustu. Líf liggur við að þjónustan sé veitt á forsvarandi hátt, af til þess hæfu starfsfólki.

Einnig þarf að tryggja nauðsynlega aðstoð við athafnir daglegs lífs og félagslegan stuðning til þess að rjúfa einangrun og vinna gegn öðrum neikvæðum félagslegum afleiðingum sem fylgja langvinnum sjúkdómum.

### Hvar er gráa svæðið?

Gráa svæðið hér birtist í því rofi sem verður á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu á heimili þess sem þarf á þjónustunni að halda. Í stað áframhaldandi hjúkrunar og umönnunar er aðkoma heilbrigðisþjónustunnar takmörkuð við stutt innlit heimahjúkrunar, gjarnan að hámarki tvær klukkustundir á dag.

Það sem reynir sérstaklega á hér er öryggiseftirlit yfir nóttina. Heilbrigðisyfirvöld telja að sveitarfélögum beri að veita þessa sólarhringsþjónustu. Sveitarfélögin telja á hinn bóginn að næturvakt í öryggisskyni verði hvorki felld undir nauðsynlega aðstoð við athafnir daglegs lífs né félagslegan stuðning. Félagsþjónusta sveitarfélaga hafi enda ekki á að skipa sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki sem geti borið ábyrgð á lífi og heilsu sjúklinga.

Í einhverjum tilvikum hafa sveitarfélög gert notendasamning (eða NPA-samning) um heildstæða, samfellda þjónustu á heimili. Margir notendur kalla eftir slíkum samningum og ljóst er að þeir hafa ýmsa kosti í för með sér. Erfiðlega hefur hins vegar gengið að fá heilbrigðisyfirvöld til þess að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til slíkra samninga.

### Hvað er til ráða?

Lausnin á þeim vanda sem hér hefur verið lýst felst í því, að heilbrigðisþjónustan komi betur til móts við þarfir þessa afmarkaða hóps sjúklinga, m.a. með verkefninu „Sjúkrahúsið heim“ sem Landspítali vinnur nú að. Mjög mikilvægt er einnig að þróa aðkomu heilbrigðisþjónustu að fjármögnun þeirra notendasamninga sem gerðir eru. Bendir flest til að hlutdeild heilbrigðisþjónustunnar í þeirri fjármögnun geti að lágmarki verið fjórðungur af andvirði þeirra.

**Lausnin á þeim vanda sem hér hefur verið lýst felst í því, að heilbrigðisþjónustan komi betur til móts við þarfir þessa afmarkaða hóps sjúklinga, m.a. með verkefninu „Sjúkrahúsið heim“ sem Landspítali vinnur nú að.**

Nálgast má frekari upplýsingar um gráu svæðin í velferðarþjónustunni í Grábók á vef sambandsins.

# Mun ástandið versna?



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

Þann 21. júní sl. stóð KPMG á Íslandi fyrir fræðslufundi fyrir stjórnendur innan heilbrigðisþjónustunnar og aðra sem eru áhugasamir um stefnumótun í heilbrigðismálum.

Aðalfyrirlesarinn á samkomunni, Mark Britnell, stjórnarformaður KPMG Global Health, leitaðist við að svara spurningunni um hvort hið fullkomna heilbrigðiskerfi sé í raun og veru til. Erindi hans var byggt á athugunum KPMG á heilbrigðiskerfum um 70 landa.

### Glöggt er gestsaugað

Niðurstaða Mark Britnell er sú að heilbrigðiskerfi þróaðra landa séu í grunninn svipuð, en í samanburði milli landa skeri einstakir þættir sig úr, að því er varðar gæði heilbrigðisþjónustu. Við uppbyggingu góðs heilbrigðiskerfis mætti þannig leita fyrirmynda til þeirra landa sem best standa á hverju sviði fyrir sig.

Í tengslum við Íslandsheimsóknina hafði Mark Britnell kynnt sér skipulag heilbrigðisþjónustunnar og heimsótt Landspítala. Hann lýsti þeirri skoðun að ef ekki verði gerðar viðeigandi ráðstafanir í heilbrigðismálum á Íslandi muni ástandið sennilega eiga eftir að versna. Ekki þurfi aðeins breytingar á sjúkrahús- og öldrunarþjónustunni, heldur verði að efla samstarf og samtal á milli grunnþjónustu og sértækrar heilbrigðisþjónustu.

**Stjórnvöldum hefur ítrekað verið bent á að mikil fjölgun aldraðra kalli á aukna sjúkrahúsþjónustu á næstu áratugum. Mannaflaspár sýna að á næstu tveimur áratugum muni fjöldi íbúa 65 ára og eldri nær tvöfaldast og verða meira en 20% mannfjöldans árið 2035.**

### Heilbrigðisáætlun

Á tíunda áratug síðustu aldar var rætt mikið um forgangsröðun og stefnumótun í heilbrigðismálum hér á landi. Það leiddi til þess að Alþingi samþykkti á vormánuðum 2001 heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Sú vinna virðist hafa farið fram hjá Mark Britnell því hann undraðist að hafa ekki séð nein merki um langtímaáætlanir í heilbrigðismálum á Íslandi.

En tekið skal undir með honum að mikilvægt sé að setja sér skýr markmið og gera heilbrigðisáætlun til lengri tíma.

### Óbreytt hlutdeild

Í þessu samhengi er fróðlegt að líta á fjármál hins opinbera árið 2016, sem Hagstofan gerði nýlega grein fyrir í riti sínu, Hagtíðindum. Þar kemur fram að heildarútgjöld til heilbrigðismála hafi numið 8,6% af vergri landsframleiðslu (VLF) á árunum 2015 og 2016. Það þýðir að hlutdeild heilbrigðiskerfisins í verðmætasköpuninni hefur haldist óbreytt bæði þessi ár. Það er því langt í land að ná því markmiði að verja 11% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál. (Hvert prósentustig í VLF 2016 var 24,2 milljarðar króna).

### Vaxandi þjónustuþörf

Stjórnvöldum hefur ítrekað verið bent á að mikil fjölgun aldraðra kalli á aukna sjúkrahúsþjónustu á næstu áratugum. Mannaflaspár sýna að á næstu tveimur áratugum muni fjöldi íbúa 65 ára og eldri nær tvöfaldast og verða meira en 20% mannfjöldans árið 2035. Þrátt fyrir það virðist lítið vera gert til að mæta ört vaxandi þjónustuþörf þessa þjóðfélagshóps. Á Landspítala ríkir þegar neyðarástand vegna skorts á úrræðum fyrir hjúkrunarsjúklinga sem lokið hafa meðferð og bíða eftir vistun í hjúkrunarrými. Frambjóðendur til Alþingis mættu hafa þessar staðreyndir í huga og ekki síst þeir sem munu taka að sér að mynda næstu ríkisstjórn.

# Raunverulegur stöðugleiki



2017

Smári McCarthy
þingmaður Pírata

Að festast í skotgrafahernaði er atvinnusjúkdómur stjórnmálamanna. Ofbeldissamband stjórnar og stjórnarandstöðu snýst um aðþrengingu. Kollegum í þinghúsinu er skipt í lið og andstæðingurinn skal sko ekki komast upp með neitt.

Margar heiðarlegar tilraunir hafa verið gerðar til að láta af þessum svæsna ósið, en hann heldur áfram. Ástæðan er einföld. Meirihlutinn hefur nær ótakmarkað vald til að koma sínum hugðarefnum áleiðis, með dagskrárvaldi og meirihluta atkvæða, en minnihlutinn þarf að sætta sig við að gelta bara á meðan. Von minnihlutans er að ef hann geltir nógu hátt muni einhver taka eftir þeim í samfélaginu, og geti þá stöðvað lítið rædda eða illa ígrundaða lagasetningu sem annars færi í gegn í þeirra óþökk.

Svona stjórnmál eru samfélaginu dýrkeypt. Árangurinn verður í mýflugumynd og margt situr á hakanum. Almenningur bíður enn eftir að uppgjörinu við hrunið sé að fullu lokið og að uppbygging hefjist fyrir alvöru. En nei, stjórnmálamenningin getur bara af sér endalausar þrætur og ríkisstjórnir hrynja í gríð og erg. Þetta er hvimleitt.

Allir þeir stuðningsmenn Liverpool sem gagnrýndu Jose Mourinho og varnarsinnaða taktík hans í stórleik Liverpool og Manchester United í síðustu viku ættu að óska eftir því að hann kæmi og læsi Klopp og Koeman pistilinn, en Bítlaborgarliðin tvö fengu á sig níu mörk samanlagt í gær, eitthvað sem á ekki að viðgangast hjá liðum af þeim styrkleika sem þessi fornfrægu lið eiga að hafa. **astrosyr@365.is**



**Íslensku keppendurnir á NEM í fimleikum brugðu á leik að móti loknu í gær.** MYND/FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS

# Hefðum viljað fá sömu dómgæslu

**FIMLEIKAR** Íslendingar unnu til sex verðlauna á Norður-Evrópumótinu (NEM) sem fór fram í Þórshöfn í Færeyjum um helgina.

Íslenska kvennaliðið vann silfur í liðakeppninni. Íslensku stelpurnar fengu samtals 146,432 í einkunn, 0,968 minna en sigurvegararnir frá Noregi. Íslenska karlaliðið lenti í 5. sæti og var ekki langt frá því að komast á verðlaunapall.

„Við stelpurnar stefndum á gullið svo þetta er smá sárt. En á sama tíma er frábært að enda með silfur. Við vorum með mjög gott lið í ár,“ sagði Dominiqua Alma Belányi, sem var hluti af silfurliði Íslands, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún kvaðst ekki nógu sátt með dómgæsluna í liðakeppninni.

„Satt að segja hefði ég viljað fá sömu dómgæslu og Noregur fékk í síðasta hollinu. Það var smá meðbyr með norsku stelpunum og þær rétt skutust fram úr okkur á síðasta áhaldi,“ sagði Dominiqua.

Irina Sazonova fékk silfur í fjölþraut en hún fékk 49,666 í einkunn. Thelma Aðalsteinsdóttir og Agnes Suto-Tuuha komu líka heim með silfur. Thelma varð önnur í keppni á tvíslá og Agnes lenti í 2. sæti í keppni á slá.

Eyþór Baldursson vann til bronsverðlauna í stökki og Valgard Reinhardsson náði einnig í brons á svifrá.

„Ég er ótrúlega ánægð. Það er frábært að ná silfri í liðakeppninni og flottur árangur hjá Irinu að enda í 2. sæti í fjölþrautinni. Við náðum árangri á öllum sviðum,“ sagði Dominiqua ánægð. **– iþs**

VALGERÐUR ENN ÓSIGRUÐ



Valgerður Guðsteinsdóttir vann sinn þriðja boxbardaga sem atvinnumaður á laugardaginn. Hún bar þá sigurorð af Dominiku Novotny en bardaginn fór fram á Oslofjord Fight Night í Noregi. Valgerði tókst að slá Novotny niður í fyrstu lotu en Novotny náði að standa upp og kláruðu þær allar fjórar loturnar. Því þurfti dómaraákvörðun til að skera úr um sigurvegara og var það Valgerður sem hafði betur. Hún hefur unnið alla þrjá bardaga sína sem atvinnumaður.



AÐALSTEINN TIL ERLANGEN

Aðalsteinn Eyjólfsson er tekinn við Erlangen í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Aðalsteinn þjálfaði Hüttenberg í tæp þrjú ár og náði frábærum árangri með liðið. Hann kom Hüttenberg upp um tvær deildir á jafn mörgum árum og skilur við liðið í 15. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar. Aðalsteinn stýrði liðinu í síðasta sinn í 31-30 tapi fyrir Lemgo í gær. Hann tekur við þjálfarastarfinu hjá Erlangen af Robert Andersson. Erlangen, sem steinlá fyrir Leipzig í gær, situr í 16. sæti þýsku deildarinnar. Næsti leikur liðsins er gegn Wetzlar á útivelli 2. nóvember næstkomandi. Aðalsteinn, sem er fertugur, þjálfaði áður TuS Weibern, Kassel og Eisenach í Þýskalandi auk þess sem hann þjálfaði hjá Stjörnunni, Gróttu/KR og ÍBV hér á landi.




## Merkisatburðir

**1707** Breska þingið kemur saman í fyrsta skipti.

**1728** Eldur í Kaupinhafn kulnar. Um þriðjungur borgarinnar brann svo og stór hluti bókasafns Árna Magnússonar.

**1850** Fyrsta kvenréttindaráðstefna Bandaríkjanna fer fram í Worcester í Massachusetts-ríki.

**1911** Flugvél notuð í fyrsta skipti í hernaðarskyni. Ítölsk vél tekur á loft í Líbýu og flýgur yfir herdeildir Tyrkja til að kanna stöðu þeirra.

**1915** Í New York koma um 30 þúsund konur saman til að krefjast þess að fá kosningarétt.

**1917** Lenín kallar eftir októberbyltingunni.

**1929** Hlutabréfaverð í kauphöllinni í New York hrynur eftir að hafa verið á stöðugri niðurleið síðan í september.

**1938** Samband íslenskra berklasjúklinga (SÍBS) stofnað. Það rekur meðal annars Reykjalund og Múlalund.

**1956** Bylting háskólanema í Búdapest, höfuðborg Ungverjalands, hefst. Hún var barin niður í upphafi nóvembermánaðar.

**1958** Bandalag háskólamanna (BHM) stofnað.

**1973** Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna, felst á að afhenda Watergate-upptökurnar.

**1989** Lýðveldið Ungverjaland stofnað eftir að kommúnismi leið undir lok þar í landi. Matyás Szurös verður forseti.

**2002** Téténskir vígamenn ráðast inn í leikhús í Moskvu og halda 700 manns í gíslingu. 133 gíslar týndu lífi og allir vígamennirnir fjörutíu.

**2004** Öflugur jarðskjálfti ríður yfir Japan. 35 fórust, yfir 2.000 særðust og hátt í 100 þúsund misstu heimili sín.

**2011** Jarðskjálfti, 7,2, að styrk, dynur yfir Tyrkland. 582 fórust og þúsundir særðust.



✝

Elskulegur sambýlismaður minn,

**Gunnar Egill Sigurðsson**

Norðurgötu 39a, Akureyri,

lést 10. október.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Ólöf Eir Guðmundsdóttir**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Guðmundsson**

er látinn.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, í dag, mánudaginn 23. október, kl. 15.

**Einar Már Guðmundsson** **Þórunn Jónsdóttir**
**Guðmundur Hrafn Guðmundsson**
**Auður Hrönn Guðmundsdóttir** **Eberhard Jungmann**
**Skúli Ragnar Guðmundsson** **Sigríður Gústafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Stella Lange Sveinsson**

Fléttuvöllum 49,
áður Bláhömrum 4,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 13. október. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 25. október kl. 13.00.

**Reynir Haraldsson** **Esther Halldórsdóttir**
**Gunnar Haraldsson** **Unnur Einarsdóttir**
**Einar Haraldsson** **Rosemarie Hermilla**
**Sonja Haraldsdóttir** **Þorlákur Guðbrandsson**
**Stefán Örn Haraldsson** **Xin Liu**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Mæta nemum á heimavelli með nýja appinu Ísborg

**Sverrir Þorgeirsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir vonast til að gefa út nýtt app á næstunni sem miðar að því að hjálpa ungum innflytjendum að læra íslensku. Samstarf mæðginanna í sitthvorum heimshlutanum hefur að þeirra sögn gengið með eindæmum vel.**

Mæðginin Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Sverrir Þorgeirsson standa í stórræðum þessa dagana og leggja nú lokahönd á smáforrit sem ætlað er að auðvelda ungum innflytjendum að ná valdi á íslenskri tungu. Þetta er ekki fyrsta atrenna þeirra að útgáfu á kennsluefni í íslensku fyrir snjallsíma en þau höfðu áður gefið út appið Snjallfinn.

Þetta nýja smáforrit ber vinnuheitið Ísborg. Rannís styrkti þróun forritsins en í grunninn einblína Svanhildur og Sverrir á fjóra mismunandi þætti, það er málfræði, orðanotkun, framburð og svo stuttar og einfaldar æfingar í ritun.

„Það er ætlast til að nemendur vinni verkefnin í samráði við kennara, en það verður líka hægt að nota appið heima fyrir auðvitað,“ segir Sverrir en þessa dagana er hann í doktorsnámi í fræðilegum taugavísindum í Kanada. Þar gerir hann tölvumódel af heilanum og freistar þess ásamt kollegum sínum að skilja betur hvernig heilinn virkar. Svanhildur er með doktorsgráðu í kennsluvísindum og er sérfræðingur við menntavísindastofnun.

Eins og áður segir höfðu mæðginin áður gefið úr appið Snjallfinn en það var ókeypis smáforrit gefið út í kjölfar útgáfu málfræðibókarinnar Málfinns. Í appinu var að finna 500 fjölvalsverkefni tengd málfræði og málnotkun. Að útgáfunni stóð fyrirtækið Málborg sem Svanhildur stofnaði árið 2013. Snjallfinnur var hannaður sem leikur fyrir grunnskólanemendur.

Sverrir er nú staddur hér á landi til að taka þátt á skákmóti. Sverrir og Svanhildur fá því tækifæri til að bera saman bækur sínar, enda hafa þau unnið að þróun Ísborgar hvort í sínum heimshlutanum. Svanhildur sér um að móta kennsluefnið en Sverrir sér um að forrita smáforritið.

„Þetta hefur gengið ljómandi vel,“ segir Sverrir spurður um hvernig samstarfið hafi gengið. „Það er hægt að nálgast appið nú þegar, það eina sem þarf að gera er að hafa samband við mig. Þetta er nokkurn veginn komið og ég vonast til að appið verði formlega gefið út á næstu mánuðum. Það verður spennandi að sjá hvernig viðbrögð smáforritið fær í kennslustofunum.“

Sverrir á ekki von á því að hann geri þróun smáforrita að ævistarfi sínu. „Það getur verið að það verði öðruvísi fyrir mömmu. Við eigum eftir að sjá hvað gerist í framtíðinni, hvernig notkunin verður en ég vonast til að sem flestir fái tækifæri til að prófa, enda held ég að forritið sé það eina sinnar tegundar á Íslandi, eða að minnsta kosti það eina sem er komið á þetta stig.“ **kjartanh@frettabladid.is**



**Sprotarnir og mæðginin Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Sverrir Þorgeirsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ÞETTA GERÐIST 23. OKTÓBER 1940

## Svarta perlan kom í heiminn

Fyrir 77 árum fæddist Edson Arantes do Nascimento, betur þekktur sem Pelé, í héraðinu Minas Gerais í Brasilíu. Pelé er einn allra besti knattspyrnumaður sögunnar.

Á ferli sínum lék Pelé með Santos í heimalandinu og New York Cosmos. Séu allir leikir meðtaldir, vináttu- og sýningarleikir jafnt sem aðrir, lék hann í heildina 1.363 leiki. Í þeim skoraði hann 1.281 mark. Er hann skráður í Heimsmetabók Guinness sem sá knattspyrnumaður sem skorað hefur flest mörk.

Pelé lék á fjórum heimsmeistaramótum með þjóð sinni. Er hann einn þriggja leikmanna, ásamt Þjóðverjunum Uwe Seeler og Miroslav Klose, sem hafa skorað mark á fjórum mismunandi heimsmeistaramótum. Alls skoraði hann tólf mörk á HM auk þess að lyfta Jules Rimet-styttunni, verðlaunagrip keppninnar, í þrígang. Það var árin 1958, 1962 og 1970.

„Ég sagði við sjálfan mig fyrir leikinn að hann væri bara gerður af holdi og blóði eins og allir aðrir. Ég hafði rangt fyrir mér,“ lét ítalski varnarmaðurinn Tarcisio Burgnich, sem dekkaði Péle í úrslitaleik HM 1970, hafa eftir sér að leik loknum. Pelé skoraði eitt mark í leiknum og lagði upp tvö í 4-1 sigri.

Svarta perlan, en það var Pelé oft kallaður, lék sinn síðasta knattspyrnuleik 1. október árið 1977.



**Pelé ásamt German „Botafogo“ Collado, nuddara Santos-liðsins.**


20 ÁRA
LIFANDI VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
www.visindi.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Austankaldi og talsverð rigning suðaustan til fyrripartinn í dag, annars úrkomuminna, en lægir síðan og dregur úr vætu, fyrst sunnanlands. Milt veður.









Þriðjudagur
Reykjavík 7° 4
Ísafjörður 4° 8
Akureyri 3° 1
Egilsstaðir 4° 1
Kirkjubæjarkl. 7° 2
Hveravellir 3° 2


### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ónæði
6. frá
8. herma
9. gogg
11. vafi
12. umhverfis
14. kjötstykki
16. klafi
17. flík
18. við
20. tveir eins
21. dóms

**LÓÐRÉTT**
1. dangl
3. samtök
4. skuggsjá
5. kóf
7. ávöxtur
10. selshreifi
13. tangi
15. sálga
16. mælieining
19. snæddi



**LÁRÉTT:** 2. rask, 6. af, 8. apa, 9. nef, 11. ef, 12. kring, 14. steik, 16. ok, 17. slá, 18. hjá, 20. ll, 21. mats.
**LÓÐRÉTT:** 1. bank, 3. aa, 4. spegill, 5. kaf, 7. ferskja, 10. fit, 13. nes, 15. kála, 16. ohm, 19. át.

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Óli Eiðsson (Hrókum alls fagnaðar) átti leik gegn Gunnari Magnússyni (Taflfélagi Akraness) á Íslandsmóti skákfélaga um helgina. Hvítur á leik
**24. Hxe4! fxe4 25. Dxe4 Dd7 26. Dxh7! Dxd6 (26.… Hxh7 27. Hf8#). 27. Dxh8+ 1-0.** Laglegur sigur blaðamanns Fréttablaðsins. Víkingaklúbburinn fer hamförum og hefur 6 vinninga forskot eftir fyrri hlutann.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga




## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SIF NART 1948
SJÓN ER SÖGU RÍKARI !



JS Watch co. REYKJAVIK
GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365

ORMSSON

# Þvottadagar

AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR



15%

10 ára ábyrgð á kolalausum mótor

AEG
914550043
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.
**Verð áður: 119.900,-** **Verð nú: 101.915,-**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG
914550046
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.
**Verð áður: 139.900,-** **Verð nú: 118.915,-**

## ÞVOTTAVÉLAR

AEG
914913404
**ÞVOTTAVÉL**
*L6FBE720I*
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.
**Verð áður: 89.900,-**
**Verð nú : 76.415,-**



15%

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

15%

AEG
914913410
**ÞVOTTAVÉL**
*L6FBE840I*
Tekur 8 kg af þvotti.
1400 sn. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.
**Verð áður: 99.900,-**
**Verð nú: 84.915,-**

## ÞURRKARAR



15%

AEG
916097949
**ÞURRKARI**
*T6DBM720G*
Tekur 7 kg af
þvotti.
**Áður: 99.900,-**
**Nú: 84.915,-**



15%

AEG
916097952
**ÞURRKARI**
*T6DEL821G*
Tekur 8 kg af
þvotti.
**Áður: 109.900,-**
**Nú: 93.915,-**



15%

AEG
916097905
**ÞURRKARI**
*T7DEP831E*
Með varmadælu.
Tekur 8 kg af
þvotti.
**Áður: 129.900,-**
**Nú: 110.415,-**

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GEOSTORM VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE SNOWMAN | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 8 - 9 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| IT | KL. 8:20 - 10:10 | 16 |
| MOTHER! | KL. 6:20 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5 - 8:20 - 10:10 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| IT | KL. 8 - 10:40 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| HAPPY DEATH DAY | KL. 10:30 | 16 |
| THE SNOWMAN | KL. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GEOSTORM | KL. 6:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 10:10 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GEOSTORM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 10:10 | 16 |

Góða skemmtun í bíó

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann

elja Starfsmannaþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Álgluggar og hurðir



CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Legend Of FC Karaoke ENG SUB | 18:00 |
| Sumarbörn | 1800 |
| Ég Man Þig ENG SUB | 17:45 |
| Thelma | 20:00 |
| Mother | 20:00 |
| The Square | 20:00 |
| Good Time | 22:15 |
| Borg - McEnroe | 22:30 |
| Undir Trénu ENG SUB | 22:45 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. OKTÓBER 2017

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Stefnir í aðskilnað ríkis og kirkju?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel
Er meirihluti á þingi fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju? Af hverju er ekki fyrir löngu búið að ganga í það þegar yfir 70% þjóðarinnar eru fylgjandi? Á að heimila kristnar trúarathafnir í opinberum leik- og grunnskólum? Eiga opinberir skólar að taka þátt í trúaruppeldi barna? Fulltrúar VG, Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Pírata ræða ofangreindar spurningar auk þess að ræða spurningar sem snerta lífsskoðanir og mannréttindi.

**Hvað?** Opinn fyrirlestur: Alanna Heiss
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Myndlistardeild LHÍ
Bandaríski sýningastjórinn Alanna Heiss (f. 1943) mun halda opinn fyrirlestur um víðtækan feril sinn í yfir 45 ár sem sýningarstjóri, menningarframleiðandi og frumkvöðull á sviði samtímamyndlistar. Alanna Heiss er mikilvirk og virt persóna í bandarískum listheimi.

**Hvað?** Er raunveruleg hætta á mansali?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnargata 21, Reykjanesbæ
Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, fjallar um málefni löggæslunnar og fer yfir breytingar á útlendingalögunum og ræðir hvernig þær breytingar horfa við þeim sem starfa í málaflokknum. Alda Hrönn hefur starfað innan lögreglunnar frá árinu 1999 og hefur haft yfirumsjón með innleiðingu á nýju verklagi vegna heimilisofbeldismála, mansals og útlendingamála.



Alda Hrönn heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Er raunveruleg hætta á mansali?

### Tónlist

**Hvað?** Rise Against
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Rise Against er bandarísk rokkhljómsveit stofnuð í Chicago árið 1999. Hún spilar „Melodic hardcore“ eða melódíska harðkjarnatónlist sem fellur undir harðkjarnapönk. Þeir eru margrómaðir fyrir magnaða sviðsframkomu og fyrir að vera einstaklega kraftmiklir á tónleikum þannig að það er mikill fengur fyrir íslenska rokkunnendur í komu þeirra hingað til lands.

### Uppákomur

**Hvað?** Ævar vísindamaður les
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Ævar vísindamaður les upp úr bók sinni Þitt eigið ævintýri í húsi sem nefnist Lækjargata. Allir velkomnir.

**Hvað?** Borðspilamánudagur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hlemmur Mathöll
„Við erum byrjuð að viða að okkur borðspilum sem gestir geta skemmt sér við í Mathöllinni. Til að byrja með verðum við með nokkur spil í boði fyrir gesti alla mánudaga á milli 16.00 og 21.00 en við erum líka með plön um að standa fyrir borðspiladögum fyrir lengra komna,“ segir í tilkynningu frá Mathöll.

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Notaleg og skemmtileg samvera, heitt á könnunni og með því. Kvenfélag Langholtssóknar stendur fyrir uppákomunni.

**Hvað?** Föndursmiðja í Gerðubergi
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Borgarbókasafn
Föndursmiðja þar sem fólk föndrar, klippir og límir vetrarmyndir. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

### Sýningar

**Hvað?** Infra
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Rýmd; nemandagallerí Listaháskóla Íslands.
Jóhann Ingi Skúlason sýnir verk. Viðfangsefni sýningarinnar eru samskipti. Jóhann vinnur með rýmið í myrkri þar sem standa munu skúlptúrar og myndir. Hann notast við innrauð ljós til þess að varpa á myndefnið en eina leiðin til þess að sjá hlutina í rýminu er í gegnum myndavél snjallsíma. Fljótandi veitingar verða á boðstólum í boði Ölgerðarinnar ásamt ljúfum tónum.

### Námskeið

**Hvað?** Prófkvíðanámskeið
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskólatorg
Markmið þessa námskeiðs er að nemendur fái fræðslu um hvaða þættir hafi áhrif á tilurð og mótun prófkvíða og læri aðferðir til að takast á við prófkvíða á uppbyggilegan hátt. Námskeiðið er byggt á hugrænni atferlismeðferð. Boðið verður upp á eitt prófkvíðanámskeið á haustmisseri 2017: Fimm skipti, mánudagana 23. okt.-20. nóv. frá kl. 15.00-17.00. Námskeiðið fer fram í stofu Ht-301, 3. hæð Háskólatorgs. Námskeiðsgjald er 8.000 kr. og skráning fer einungis fram á Þjónustuborði Háskólatorgs um leið og námskeiðsgjald er greitt.

**Hvað?** Grunnnámskeið í textílþrykki
**Hvenær?** 17.45
**Hvar?** Myndlistarskólinn í Reykjavík
Grunnnámskeið í textílþrykki með Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur. Verð er 34.200 krónur og kennt í eina viku. Mánudags-, þriðjudags- og fimmtudagskvöld klukkan 17.45-20.30 og laugardag klukkan 10.15-14.45. Skráning fer fram á heimasíðu skólans.

# WHIRLPOOL **DAGAR**




**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR**
**HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**

## ALLAR WHIRLPOOL VÖRUR
## Á 15-50% AFSLÆTTI
## 13.-23. OKTÓBER




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




UM LAND ALLT
KL. 19:25
Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

I OWN AUSTRALIA´S BEST HOME
KL. 20:00
Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhúss-arkitektúr sem á engan sinn líka.


GULLI BYGGIR
KL. 20:55
Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smáum breytingum mega ekki láta fram hjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.


THE BRAVE
KL. 21:30
Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvala lið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.


THE DEUCE
KL. 22:15
Það gekk heldur betur mikið á í uppgangi klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Umtöluð og töff þáttaröð úr smiðju HBO.



MIAMI VICE
KL. 22:00
Stórgóð kvikmynd, byggð á spennuþáttunum Miami Vice sem slógu allt út í vinsældum um miðbik níunda áratugarins.


TIME AFTER TIME
KL. 20:50
Óvenjulegir spennuþættir sem fjalla um hinn fræga H.G. Wells sem freistar þess að finna einn þekktasta raðmorðingja allra tíma, Jack the Ripper.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The Last Man on Earth
**10.45** Fresh off the Boat
**11.10** Masterchef USA
**11.50** Empire
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X Factor UK
**13.45** The X Factor UK
**15.25** The X Factor UK
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Um land allt
**20.00** I Own Australia's Best Home
**20.50** Gulli byggir
**21.20** The Brave
**22.05** The Deuce Ein umtalaðasta þáttaröð haustsins og hún kemur út smiðju HBO. Með aðalhlut-verk fara James Franco og Maggie Gyllenhaal en hér er fjallað um uppgang klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum.
**23.10** Víglínan
**23.55** Tin Star Vandaðir breskir spennuþættir með Tim Roth og Christinu Hendricks í aðalhlut-verkum. Þættirnir falla um Jim Worth, fyrrverandi rannsóknar-lögreglumann, sem flytur með fjölskyldu sína í smábæ í Kanada í rólegt umhverfi fjarri ys og þys stórborgarinnar þar sem hann tekur starfi sem lögreglustjóri. Það var meiningin alla vega, fljót-lega breytist rólega umhverfið í eitthvað allt annað og leyndar-mál úr fortíð Jims koma upp á yfirborðið.
**00.40** Curb Your Enthusiasm
**01.10** Empire
**01.55** Code of a Killer
**02.45** Bones
**03.30** Pure Genius
**04.15** Pure Genius
**05.00** Murder in the First

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Everton - Arsenal
**09.05** Tottenham - Liverpool
**10.45** San Francisco 49ers - Dallas Cowboys
**13.05** Minnesota Vikings - Balti-more Ravens
**15.25** 1 á 1
**16.05** Fjölnir - Grótta
**17.30** Fjölnir - Stjarnan
**19.00** Spænsku mörkin
**19.30** Valur - FH
**21.00** Seinni bylgjan
**22.30** Chelsea - Watford
**00.10** Football League Show
**00.40** Seinni bylgjan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Messan
**08.20** Fjölnir - Stjarnan
**09.50** Valur - FH
**11.20** Formúla 1 - Keppni
**13.40** Chelsea - Watford
**15.20** Everton - Arsenal
**17.00** Tottenham - Liverpool
**18.40** Messan
**20.00** Football League Show
**20.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**20.55** Real Madrid - Eibar
**22.35** Barcelona - Malaga
**00.15** Spænsku mörkin
**00.45** UFC - Sérstakir þættir

## STÖÐ 3

**17.20** The New Girl
**17.45** The New Adventures of Old Christine
**18.10** The League
**18.35** Modern Family
**19.00** Seinfeld
**19.25** Friends
**19.50** Who Do You Think You Are?
**20.50** Time After Time
**21.35** How to Make It in America
**22.05** The Sopranos
**22.55** Sleepy Hollow
**23.40** The Vampire Diaries
**00.25** Modern Family
**00.50** Friends
**01.15** Seinfeld
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Hvellur keppnisbíll
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** K3 (8 / 52)
**08.13** Nilli Hólmgeirsson
**08.27** Tindur
**08.38** Mæja býfluga
**08.47** Stóri og litli
**09.00** Könnuðurinn Dóra
**09.24** Mörgæsirnar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Hvellur keppnisbíll
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** K3 (8 / 52)
**12.13** Nilli Hólmgeirsson
**12.27** Tindur
**12.38** Mæja býfluga
**12.47** Stóri og litli
**13.00** Könnuðurinn Dóra
**13.24** Mörgæsirnar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Hvellur keppnisbíll
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** K3 (8 / 52)
**16.13** Nilli Hólmgeirsson
**16.27** Tindur
**16.38** Mæja býfluga
**16.47** Stóri og litli
**17.00** Könnuðurinn Dóra
**17.24** Mörgæsirnar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur
**19.00** Ratchet og Clank

Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.47, 13.47 og 17.47


## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Swinging Skirts LPGA Tai-wan Championship
**12.00** Golfing World
**12.50** Champions Tour Highlights
**13.45** The CJ Cup @ Nine Bridges
**17.45** PGA Highlights
**18.40** The CJ Cup @ Nine Bridges
**22.40** PGA Highlights
**23.35** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** The Borrowers
**13.40** Before We Go
**15.15** Temple Grandin
**17.05** The Borrowers
**18.35** Before We Go Rómantísk gamanmynd frá 2014. Kona sem missir af síðustu lestinni frá New York til Boston og er um leið rænd veski sínu fær aðstoð frá blá-ókunnugum tónlistarmanni sem á 80 dollara til skiptanna.
**20.10** Temple Grandin
**22.00** Miami Vice
**00.10** Sleepers Spennumynd frá 1996 með einvalaliði leikara. Fjórir piltar ólust upp í illræmdu hverfi í New York. Þeir urðu miklir vinir og reyndu að halda sig frá glæpum en stundum gátu þeir ekki stillt sig um að prakkarast.
**02.35** The 33
**04.40** Miami Vice

## RÚV

**16.00** Silfrið
**17.05** Séra Brown
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.11** Elías
**18.22** Skógargengið
**18.33** Undraveröld Gúnda
**18.46** Gula treyjan
**18.48** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Alþingiskosningar 2017. Kosningamálin
**20.30** Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
**20.55** Vegir Drottins
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2017: Forystusætið
**22.50** Alþingiskosningar 2017: Kynning á framboði
**22.55** Alþingiskosningar 2017: Kynning á framboði
**23.00** Alþingiskosningar 2017: Kynning á framboði
**23.05** Mótorsport
**23.40** Alþingiskosningar 2017: Kosningamálin
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear
**14.40** Doubt
**15.25** Will & Grace
**15.55** Ný sýn - Salka Sól
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Extra Gear
**20.15** Top Chef
**21.00** Blue Bloods
**21.45** The Good Fight
**22.30** Happyish
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** CSI
**01.05** Hawaii Five-0
**01.50** This is Us
**02.35** Salvation
**03.20** Difficult People
**03.50** Blue Bloods
**04.35** The Good Fight
**05.20** Happyish
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



TM & © 1986 RUG LTD
TMB VIÐBURÐIR KYNNA MEÐ STOLTI
The PHANTOM of the OPERA
TÓNLEIKASÝNING Í HÖRPU 17. FEBRÚAR 2018
Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI
VINSÆLASTI SÖNGLEIKUR HEIMS EFTIR ANDREW LLOYD WEBBER
ÞÓR BREIÐFJÖRÐ · ELMAR GILBERTSSON · VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR
SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR (DIDDÚ) · BERGÞÓR PÁLSSON · JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR (HANSA)
HLÖÐVER SIGURÐSSON · EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON · GRETA SALÓME
SINFONIANORD, SKIPUÐ 50 ÚRVALSHLJÓÐFÆRALEIKURUM UNDIR STJÓRN ÞORVALDAR BJARNA ÞORVALDSSONAR ÁSAMT 30 MANNA KÓR
TÓNLIST ANDREW LLOYD WEBBER SÖNGTEXTAR CHARLES HART VIÐBÓTARSÖNGTEXTAR RICHARD STILGOE HANDRIT RICHARD STILGOE OG ANDREW LLOYD WEBBER
BYGGT Á LE FANTÔME DE L'OPÉRA EFTIR GASTON LEROUX TMB VIÐBURÐIR MEÐ SÉRSTÖKU LEYFI THE REALLY USEFUL GROUP LTD.
UPPHAFLEGRI SVIÐSSETNINGU VAR LEIKSTÝRT AF HAROLD PRINCE Í FRAMLEIÐSLU CAMERON MACKINTOSH LTD. OG THE REALLY USEFUL GROUP LTD. UM HLJÓÐFÆRASETNINGU SÁU DAVID CULLEN OG ANDREW LLOYD WEBBER.
ALMENN MIÐASALA HEFST Á MIÐVIKUDAGINN
Forsala Einkaklúbbsins hefst í dag kl. 10
10% afsláttur af miðaverði í Einkaklúbbsappinu
Arion banki
– fyrir framtíðina













# Skreytt með piparsmjörkremi og piparperlum

Lena Rut Guðmundsdóttir deilir með lesendum uppskrift að klassískri súkkulaðiköku sem auðvelt er að breyta og bæta eftir smekk. Að þessi sinni fullkomnaði hún hana með piparsmjörkremi.

Áhuginn hefur verið til staðar frá því ég var lítil, mamma var alltaf dugleg að baka og ég fékk að vera með,“ segir Lena Rut Guðmundsdóttir sem elskar að baka og þá sérstaklega að skreyta kökur.

„Mér finnst gott að vera með eina svona klassíska uppskrift eins og þessa og geta þá breytt skreytingum, bragði á kremi eða fyllingu.“

„Kakan er einföld í bakstri en svo getur hver og einn skreytt eins og hann vill. Það ráð sem hefur gagnast mér best þegar ég skreyti með smjörkremi er að frysta botnana og skreyta þá hálffrosna, þá er auðveldara að eiga við kremið og fá slétta og fallega áferð,“ útskýrir Lena.





Þessi kaka mun slá í gegn hjá þeim sem elska piparsælgæti.

### KLASSÍSK SÚKKULAÐIKAKA MEÐ PIPARSMJÖRKREMI

**3 ½ dl sykur**
**2 egg**
**4 dl hveiti**
**1 dl olía (bragðdauf)**
**¾ dl kakó**
**2 dl súrmjólk**
**1 dl uppáhellt kaffi**
**1 tsk. vanilludropar**
**1 ½ tsk. matarsódi**
**1 tsk. lyftiduft**

Egg og sykur eru þeytt saman, svo er restinni bætt saman við og hrært.
Deigið er sett í tvö 20-22 cm hringform og kakan bökuð við 180°C í ca. 25-30 mínútur eða þar til hægt er að stinga gaffli í hana án þess að eitthvað festist á honum.

**Krem**
**250 g smjör, mjúkt**
**ca. 600 g flórsykur**
**3 msk. lakkrísduft (ég notaði Dracula)**
**½ dl rjómi**

Smjör og flórsykur er hrært vel, lakkrísdufti er bætt við og í lokin er rjóminn settur út í og hrært vel. Þeir sem ekki vilja lakkrísduft geta skipt því út fyrir kakó.
Kakan er látin kólna og síðan er hún skreytt með piparperlum.

## Trendið Samfestingar



Flottir samfestingar detta seint úr tísku en þeir hafa sjaldan verið eins vinsælir og núna, ekki síst á rauða dreglinum. Til að mynda mættu allir í sínu finasta pússi á ELLE Women in Hollywood-verðlaunahátíðina fyrir viku og þar voru samfestingar áberandi. Til að mynda klæddist fyrirsætan Alessandra Ambrosio glæsilegum samfesting úr blúndu frá Zuhair Murad. Sömuleiðis klæddist ritstjórinn Nina Garcia smart samfestingi með 70's-legu sniði en hún veit svo sannarlega hvað hún syngur þegar kemur að tísku.




FRÁBÆR BÍLL
MIKLU BETRI DÍLL
KOMNIR AFTUR Á BETRA VERÐI
TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016
AÐEINS
22 ÞÚS
Á MÁNUÐI*
YARIS
KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI
KR.
200.000
FYLGIR ÖLLUM BÍLUM
NÝJAR ÁLFELGUR
NÝ VETRARDEKK
FILMUR Í AFTURGLUGGUM
Lítið notaðir Toyota Yaris 2016**
Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð***
Allt að 100% lánamöguleiki****
Til í ýmsum litum
Handfrjáls búnaður (bluetooth)
Góð endursala
Tökum bíla uppí
Allir bílar með USB og AUX
VERÐ FRÁ KR.
1.590
ÞÚSUND
Með veglegum kaupauka
* Miðað við 20% útborgun í 84 mánuði
** Yaris 1,0 bensín, beinskiptir eknir á bilinu 40-55 þúsund km
*** Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016
****Kynntu þér lánamöguleika hjá sölumönnum okkar
Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki.
Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.
Komið og reynsluakið
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Við eigum afmæli og nú er veisla

DORMA
Láttu drauminn rætast







MISTRAL HOME – ÓTRÚLEGT ÚRVAL
Rúmfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni.
Rúmfötin eru með 300 gsm bómullarþræði
sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt.







TVENNUTILBOÐ
dúnsæng + koddi
Q&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.
Aðeins 19.900 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Ýr hannar undir merkinu Ýrúrarí og verk eftir hana má sjá á vefnum www.yrurari.com. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þarf að fara til útlanda til að læra tæknina

Hönnuðurinn Ýr Jóhannsdóttir bíður spennt eftir að fá stafrænu prjónavélina sína í hendurnar en verið er að búa vélina til í Kína. Ýr mun eignast vél úr fyrsta upplagi og læra á tæknina í London.

Það er ein frumgerð af vélinni til í London. Það er verið að lagfæra hana töluvert fyrir fyrsta upplagið sem á að vera tilbúið snemma á næsta ári. Ég fæ einu vélina úr þessu upplagi sem fer til Íslands,“ segir textílhönnuðurinn Ýr Jóhannsdóttir sem var að panta sér stafræna prjónavél frá Kniterate.

Ýr ætlar því að skella sér til London á næstunni til að læra á vélina og koma með þekkinguna til Íslands. „Ég fékk styrk úr Hönnunarsjóði til að fara til London og hitta einu vélina sem er til. En stofnendur Kniterate, Gerard og Triam, báðu mig um að koma í smá samstarf þar sem ég prófa mína hönnun á vélina,“ segir Ýr sem fékk áhuga á textílhönnun og prjóni þegar hún var níu ára. „Ég hef haft áhuga á að prjóna frá því ég lærði fyrst að prjóna þegar ég var níu ára. Svo hefur sá áhugi bara magnast. Mér finnst tækni líka mjög spennandi og því sérlega gaman að blanda þeim áhugamálum saman.“

„Sérstaða Kniterate-vélarinnar er að hún er ódýr, létt og notendavæn. Þrátt fyrir það ræður hún við að prjóna jafn flóknar aðferðir og stórar, flóknar verksmiðjuvélar,“ segir Ýr þegar hún er spurð út í vélina sem hún var að festa kaup á. „Kniterate er fullkomin vél til að framleiða í litlu magni eða til að gefa hönnuðinum tækifæri á að prufa sig áfram í hönnunarferlinu áður en vara er sett í framleiðslu. Mesta snilldin við hana er svo að maður getur teiknað sniðin og myndirnar upp í Photoshop, Illustrator eða öðrum sambærilegum forritum.“



Ýr fer til London til að prufukeyra fyrstu Kniterate-vélina. MYND/KNITERATE

### Kniterate-vélin

- Stafræn prjónavél
- Framleidd í Kína
- Vélin er 170 kíló
- Mun kosta rúma milljón króna
- Fyrsta Kniterate-vélin mun fara til Ýrar
- Er sögð tiltölulega einföld í notkun

### Á eftir að borga heimsendingu

Kniterate-vél mun kosta rúma milljón króna og svo bætist við kostnaður við að koma vélinni heim til Íslands. En þar sem Ýr er að forpanta vélina úr fyrsta upplagi fékk hún afslátt, um helmingsafslátt nánar tiltekið „Ég náði að kaupa vél úr fyrsta upplagi. Hún var á töluverðum afslætti þar sem þau hjá Kniterate voru að safna fyrir því að komast til Kína og starta þessu verkefni. Þetta er alls ekki svo dýrt miðað við hvað þessi vél ræður við. Ég á eftir að borga heimsendinguna frá Kína, það verður örugglega einhver dágóð upphæð en það kemur bara í ljós þegar að því kemur,“ segir Ýr sem er að undirbúa Karolinafund-söfnun til að fjármagna vélina. „Þá verð ég með trefla, húfur og aðra hönnun eftir mig sem ég mun gera á vélina.“

**MESTA SNILLDIN VIÐ HANA ER SVO AÐ MAÐUR GETUR TEIKNAÐ SNIÐIN OG MYNDIRNAR UPP Í PHOTOSHOP, ILLUSTRATOR EÐA ÖÐRUM SAMBÆRILEGUM FORRITUM.**

En hvað hyggst Ýr gera þegar vélin er komin til landsins? „Ég á eftir að finna mér stað fyrir vélina, ég vil helst hafa hana einhvers staðar þar sem ég get haft hinar prjónavélarnar mínar með. Á stað þar sem er auðvelt fyrir fólk að nálgast vélina svo hönnuðir, listafólk eða bara áhugasamt fólk geti komið og gert tilraunir. Draumurinn væri að ná að opna þar sem hægt er að digital-prenta, þrykkja, vefa, tufta og gera bara allt sem við kemur prótótýpugerð af nýjum efnum. Þetta er stór draumur sem er allavega að nálgast það að rætast með kaupum á þessari Kniterate vél.“

gudnyhronn@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


GOTT MÁL
Góðgerðarpizza til styrktar þörfu málefni
23.–27. okt.
Öll salan rennur óskipt til Reykjadals
Í sumar- og helgardvöl Reykjadals koma fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu. Sá peningur sem safnast mun fara í að bæta aðbúnað í Reykjadal og kaup á leiktækjum.
„Það er bæði mikill heiður og einstaklega gefandi að fá að gera Góðgerðarpizzuna í fimmta sinn, og frábært framtak hjá Domino's. Í þetta skiptið nota ég spínat, lauk, sveppi og teriyaki-kjúkling og bæti svo við smá extra styrkleika með heimalagaðri yuzu-jalapeno-sósu, sem gefur henni karakter.“
Hrefna Sætran
Lítil 1.895 kr. Miðstærð 3.130 kr. Stór 3.595 kr. Pönnu 3.760 kr.
Domino's
dominos.is Domino's app Sími 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Láru G. Sigurðardóttur




## Náttúrunnar spegill

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt“ segir í Einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson, sem fjalla um mannlegan harmleik sem ekki er alltaf sýnilegur. Sá sem brosir einlægt getur ómeðvitað yljað öðru hjarta og sú sem er glaðvær getur skilið eftir kátínu hjá viðstöddum. Oft er sagt að einhver hafi gefið manni bros, enda getum við í bókstaflegri merkingu tekið á móti og upplifað líðan annarra. Á sama hátt er sagt að hegðun sé smitandi, t.d. að bros sé smitandi.

Eins og við erum móttækileg fyrir bros annarra þá getum við einnig auðveldlega smitast af reiði og vanlíðan. Illt augnagot eða biturt andsvar getur vakið upp ónot innanbrjósts. Öll þessi viðbrögð eru mannleg og eiga sér lífeðlisfræðilegar skýringar.

Í líkama okkar finnast svonefndar spegilfrumur sem spegla hegðun annarra. Þessi innbyggðu taugaviðbrögð eru grundvöllur fyrir því að við getum lært af öðrum. Þau eru forsenda þess að barn læri af hegðun uppalenda, það horfir á og hermir eftir. Þannig lærir barn meira af hegðun en orðum. Á fullorðinsárum höldum við áfram að spegla hvert annað. Með spegilfrumunum getum við skynjað sálarástand náungans. Brosandi maður kallar fram bros hjá okkur og þegar við mætum sorg annarra verðum við ósjálfrátt sorgmædd.

Undanfarið hefur sálarþjáning, niðurlægjandi ummæli og reiði verið ríkjandi í samfélagsumræðunni. Þó svo að við ráðum sjaldnast hvernig aðrir koma fram við okkur þá getur verið gott að hafa hugfast að við sjálf getum sannarlega með einu brosi dimmu í dagsljós breytt :)








